

Sveitarstjórn heldur skrá yfir lönd í eigu sveitarfélagsins, sem leigð eru til beitar og/eða slægna. Umsóknir um land til beitar eða slægna, skal senda til sveitarstjóra sem úthlutar landi samkvæmt tillögu landbúnaðarnefndar.

Einstaklingar og félag búfjáreigenda, sem hafa lönd í eigu sveitarfélagsins á leigu til beitar eða slægna, skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, meðal annars með árlegri áburðargjöf. Í leigusamningi fyrir beiti- og slægjulönd eru tilgreindar umgengnisreglur um landið.

6. gr.

Viðurlög við brotum gegn samþykktinni.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála skv. 18. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, með síðari breytingum.

7. gr.

Samþykkt og gildistaka.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. maí 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um rækjuveiðar á Breiðafirði 2004.

1. gr.

Á tímabilinu 15. maí til 20. júní 2004, er skipum sem eru 105 brl. að stærð eða minni og skráð eru frá höfnum á norðanverðu Snæfellsnesi og gerð þaðan út heimilt að stunda rækjuveiðar á Breiðafirði, sunnan 65°10'N og utan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Krossnessvita. Við veiðar á þessu svæði skal varpa skipanna búinn seiðaskilju, sbr. reglugerð nr. 304 3. maí 1999. Afli sem fenginn er við þessar veiðar reiknast til úthafsækjuaflla skipsins.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. maí 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.